

# Fundargerð 71. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 15. febrúar kl. 10:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Að auki sat fundinn Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Pórdís Sif Sigurðardóttir boðaði forföll á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - vofundur 2023 - 2211004SU**

Drög að dagskrá vofundar stjórnar lögð fram.

*Dagskrá vofundar lögð fyrir og samþykkt af stjórn. Jafnframt ákveðið að leigja stóran bíl fyrir ferðina fyrir hópinn.*

### 2. **Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sjókvíaelði - lagaframkvæmd, stjórnarsýslu og eftirlit - 2302001SU**

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sjókvíaelði -lagaframkvæmd stjórnarsýslu og eftirlit, sem gefin var út í janúar 2023, lögð fram til kynningar.

*Eftirfarandi bókun var samþykkt:*

*Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sjókvíaelði felur í sér margar ábendingar sem áður hafa komið fram bæði af hendi sjávarútvegssveitarfélaga sem og fyrirtækja í fiskeldi. Sveitarfélögin hafa haft litla aðkomu að leyfisveitingaferli frá upphafi. Þá hefur eftirlit með atvinnugreininni verið gagnrýnt þar sem skort hefur á samstarf við sveitarfélögin um slíkt ásamt því að tekjustofn af greininni hefur ekki verið tryggður til samfélaganna þar sem eldið er stundað. Einnig hefur verið óskýrt hvernig á að innheimta hafnagjöld af þessari atvinnugrein. Skýrslan endurspeglar og dregur fram hve litla aðkomu sveitarfélögin hafa haft að umgjörð atvinnugreinarinnar, ákvarðanatöku og stefnumótun er varðar hana. Í þeirri vinnu sem framundan er á grundvelli skýrslunnar er nauðsynlegt að sveitarfélögin og hafnasjóðir komi að þeirri vinnu ásamt samtökum þeirra.*

Fundi var slitið kl. 10:50